



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI BORGARBYGGÐAR 2010-2022. STÆKKUN Á ÍBÚÐARSVÆÐI Í12 FÆRSLA Á HRINGVEGI UM BORGARNES TILLAGA

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi til kynningar á vinnslustigi sbr. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 14. og 15. gr. laga um um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Nóvember 2023

Lagfært eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar, dagsett 8.desember 2012

Lagfært eftir auglýsingu í mars 2024

SKÝRSLA-UPPLÝSINGABLAÐ			
Titill skýrslu: Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022		Tegund skýrslu: Greinargerð með breytingu	
Verkheiti: Aðalskipulag Borgarbyggðar		Verkaupi: Borgarbyggð	
Verkefnisstjóri: Óskar Örn Gunnarsson		Verkefnisstjóri/fulltrúi verkkaupa	
Höfundur: ÓÖG	Skýrslunúmer: 1	Verknúmer: SA2305	Fjöldi síðna:
Útdráttur:			
Lykilorð:			
Staða skýrslu: <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlestrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið		Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa <input type="checkbox"/> Trúnaðarmál	

Útgáfusaga						
Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags
1	Óskar Örn Gunnarsson	20.feb. 2024	Drífa Gústafsdóttir			
2	Óskar Örn Gunnarsson	8.3.2024	Drífa Gústafsdóttir			
3	Óskar Örn Gunnarsson	8.5..2024	Drífa Gústafsdóttir			

Efnisyfirlit

1	UM BREYTINGARTILLÖGUNA	4
1.1	TILDRÖG OG MARKMIÐ	4
2	FRAMSETNING SKIPULAGSGAGNA	4
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	4
3	FORSENDUR	6
4	EFNISTÖK SKIPULAGSBREYTINGA SKIPULAGSLEG STAÐA.....	11
4.1	Gildandi aðalskipulag	11
4.2	Breytt skipulag	11
4.2.1	Breyting á íbúðarsvæði í12	11
4.2.2	Breyting á legu Hringvegar um Borgarnes.	12
5	Umhverfisáhrif	13
5.1	Áhrifa- og umhverfisþættir	14
5.2	Aðferðir við umhverfismat, framsetning og vægiseinkunn	14
5.3	Stefnukostir.....	15
5.3.1	Hagrænir og félagslegir þættir	15
5.3.2	Náttúrufarslegir þættir.....	16
5.3.3	Landslag, ásýnd og menningararfur.....	17
5.3.4	Heilsa, útvist og öryggi	17
5.3.5	Niðurstaða umhverfismats.....	18
5.3.6	Eftirfylgni og vöktun	19
6	MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING	19
7	Heimildaskrá	25
8	Samþykktir	26
	Mynd 1. Vistgerðarkort (þarf að setja inn afmörkun á veg og íbúðarbyggð)	8
	Mynd 2. Vindrós sem sýnir helstu vindáttir á skipulagssvæðinu.	8
	Forsíðumynd fengin af heimasíðu Borgarbyggðar, www.borgarbyggd.is	
	Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur í nóvember 2023.	
	Mynd 3. Íbúaþróun í Borgarbyggð 2013-2023.....	8
	Mynd 4. Umferð um Borgarnes 2013-2022.....	9

Mynd 5. Skráðar minjar á áhrifasvæði vegar.....	10
Mynd 6. Upprunalegt staðfest aðalskipulag Borgarbyggðar sem sýnir legu Hrinvegar skv. núgildandi stefnu aðalskipulags.....	11
Mynd 7. Gildandi aðalskipulag Borgarbyggðar með breytingu sem staðfest var 24.01.2019.....	11
Mynd 8. Svæði þar sem óvissa ríkir um endanlegu þjóðvegar er innan gula	13
Mynd 9.Tillögur að leiðarvalti Hringvegar um Borgarnes. Breytingarsvæðið er innan rauða rammans.	15

1 UM BREYTINGARTILLÖGUNA

1.1 TILDRÖG OG MARKMIÐ

Borgarbyggð vinnur nú að breytingu á aðalskipulagi með það að markmiði að stækka núverandi íbúðarsvæði í12 þar sem hægt verði að koma fyrir allt að 90 íbúðum til viðbótar við núverandi svæði. Um leið er gerð breyting á Hringvegi sem liggur utanvert við Borgarnes til þess að skapa meira rými fyrir stækkan á íbúðarsvæðinu og færa veginn fjær byggðinni til þess að tryggja góð loftgæði og hljóðvist við íbúðarbyggðina. Breytingar á Hringveginum fela í sér færslu á um 1,5 km kafla en að öðru leyti er halddið í leiðarval sem fyrir liggur í gildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að vegurinn um Borgarnes liggi nánast þvert í gegnum fyrirhugaða íbúðabyggð (sjá tillögu 3). Til þess að hægt sé að skipuleggja umrædda íbúabyggð á þessu svæði þarf að samþykka breytingu á fyrirhugaðri legu vegarins.

Markmið breytingartillögunnar er stuðla að sem mestu umferðaröryggi vegfarenda, tryggja greiðari samgöngur og bæta sambúð vegar og umferðar við íbúa og umhverfi. Að hönnun vegarins tryggi sem best hljóðvist og verði hannaður með tilliti til mögulegrar olíumengunar.

2 FRAMSETNING SKIPULAGSGAGNA

Lögð verður fram greinargerð þar sem breytingin verður rakin og rökstudd. Gerð verður breyting á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 og gert nýtt deiliskipulag fyrir nýjan reit í13.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Skipulagsáætlunin tengist eftirfarandi stefnumótandi áætlunum:

Tafja 1. Tengsl breytingar á aðalskipulagi við aðrar áætlanir.

Heiti áætlunar	Tengsl við aðrar áætlanir
Landsskipulagstefna 2015-2026	Kafli 2.2.1 um að byggð falli að landslagi og náttúru. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Kafli 2.2.2 um náttúru, menningararf og heilnæmt umhverfi. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrfari eða menningu. Kafli 2.8.1 um skipulagsgerð með tilliti til náttúrvár og loftslagsbreytinga. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúrvár, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Kafli 3.3.2 um heilnæmt umhverfi. Stuðlað verði að heilnæmu umhverfi með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika á flokkun og endurvinnslu, sjálfbærum ofanvatnlausnum og aukinni nýtni við auðlindanotkun við skipulagsgerð sveitarfélaga. Kafli 6.2.4 um hönnun mannvirkja í landslagi. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja, jafnt í þéttbýli og í opnu landi með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlinum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.

	<p>Kafli 7.0.1 um skipulag í þágu lýðheilsu.</p> <p>Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að skapa heilnæmt umhverfi sem hvetur til hollra lífsháttu og veitir möguleika til hreyfingar, endurnæringer og samskipta. Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, óryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa.</p>
Samgönguáætlun 2020-2034	Breytingartillagan er í samræmi við samgönguáætlun þar sem gert er ráð fyrir fjárveitingu á 3. tímabili Samgönguáætlunar 2030-2034.
Kaupmannahafnarsamningurinn	Kaupmannahafnarsamningurinn (Copenhagen agreement) um mengun sjávar er norrænn samningur um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna og fjallar um gagnkvæma samvinnu Norðurlandanna komi til óhappa af völdum olíu og annarra hættulegra efna (Umhverfisstofnun, e.d.).
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningur SP um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) miðar að því að varðveita líffræðilega fjölbreytni jarðarinnar.
Ramsarsamningurinn um votlendi	Markmið sammningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Votlendissvæði er m.a. skilgreint sem grunnævi þar sem dýpi er innan við sex metra. Samningsaðilum ber að undirbúa og framkvæma skipulag þannig að stuðlað sé að vernd votlenda sem eru á skránni, svo og skynsamlegri nýtingu votlenda innan lögsögu þeirra svo sem unnt er. Þrjú votlendissvæði hafa verið tilnefnd af hálfu Íslands (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2016) en ekkert þeirra innan deiliskipulagssvæðis.
Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land.
Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022	<p>Í almennum ákvæðum um íbúðarbyggð í aðalskipulaginu kemur eftirfarandi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Borgarnes er og verði áfram aðal þéttbýliskjarni sveitarfélagsins.</i> • <i>Áhersla verði lögð á uppbyggingu Borgarness, Bifrástar og Hvanneyrar sem þéttbýliskjarna með viðeigandi opinberri þjónustu og almennri verslun fyrir íbúa.</i> • <i>Stefnt er að því að þessir þéttbýliskjarnar geti boðið upp á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem tekur mið af sérstöðu hvers staðar og tekur tillit til umhverfisins.</i> • <i>Í þéttbýli sé gert ráð fyrir rúmum svæðum til útvistar og að svæðin tengi saman hverfi þannig að svæðin nýtist gangandi sem hjólandi á milli hverfa.</i> <p>Fyrirhugað deiliskipulagssvæðið er innan þéttbýlismarka Borgarnes með mörk að íbúðarsvæðum í 11 og í 12 en einnig óbyggðu svæði í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.</p> <p>Vegsamgöngur</p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Bundið slitlag verði lagt á alla helstu tengivegi sem eru með malarslitlagi.</i> • <i>Byggðar verði tvíbreiðar brýr í stað einbreiðra á öllum stofnvegum og helstu tengivegum.</i> • <i>Hindra skal aðkomu búfjár að stofn- og tengivegum með því að girða helgunarsvæði þeirra af.</i> • <i>Áfram verði unnið að viðhaldi og uppbyggingu heraðsvega.</i> • <i>Unnið verði markvisst að hraðalækkandi aðgerðum í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins.</i> • <i>Vegir skulu lagðir samsíða hæðarlínum eins og kostur er í hallandi landi.</i> • <i>Kortleggja skal hávaða við fjölfarna vegi þar sem óstæða þykir til.</i> • <i>Leita skal leiða til að bæta almenningssamgöngur í sveitarfélaginu.</i> <p>Einnig er tekið fram í aðalskipulaginu að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Árið 2000 gerði Vegagerðin umferðarspá fyrir tiltekin vegkafla Hringvegar (1) fyrir árið 2020 til að auðvelda ákváðanatökum vegna framtíðarlegu hans um Borgarnes. Sú spá sprakk þegar árið 2006.</i> • <i>Þessar umferðartölur þóttu styðja tillögu að legu Hringvegar (1) með austurströnd Borgarness samkvæmt samþykktu aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017.</i>
	<p>Kafli 7.0.1 um skipulag í þágu lýðheilsu.</p> <p>Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að skapa heilnæmt umhverfi sem hvetur til hollra lífsháttu og veitir möguleika til hreyfingar, endurnæringer og samskipta. Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, óryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa.</p>
Samgönguáætlun 2020-2034	Breytingartillagan er í samræmi við samgönguáætlun þar sem gert er ráð fyrir fjárveitingu á 3. tímabili Samgönguáætlunar 2030-2034.
Kaupmannahafnarsamningurinn	Kaupmannahafnarsamningurinn (Copenhagen agreement) um mengun sjávar er norrænn samningur um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna og fjallar um gagnkvæma samvinnu Norðurlandanna komi til óhappa af völdum olíu og annarra hættulegra efna (Umhverfisstofnun, e.d.).
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningur SP um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) miðar að því að varðveita líffræðilega fjölbreytni jarðarinnar.
Ramsarsamningurinn um votlendi	Markmið sammningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Votlendissvæði er m.a. skilgreint sem grunnævi þar sem dýpi er innan við sex metra. Samningsaðilum ber að undirbúa og framkvæma skipulag þannig að stuðlað sé að vernd votlenda sem eru á skránni, svo og skynsamlegri nýtingu votlenda innan lögsögu þeirra svo sem unnt er. Þrjú votlendissvæði hafa verið tilnefnd af hálfu Íslands (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2016) en ekkert þeirra innan deiliskipulagssvæðis.
Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land.
Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022	<p>Í almennum ákvæðum um íbúðarbyggð í aðalskipulaginu kemur eftirfarandi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Borgarnes er og verði áfram aðal þéttbýliskjarni sveitarfélagsins.</i> • <i>Áhersla verði lögð á uppbyggingu Borgarness, Bifrástar og Hvanneyrar sem þéttbýliskjarna með viðeigandi opinberri þjónustu og almennri verslun fyrir íbúa.</i> • <i>Stefnt er að því að þessir þéttbýliskjarnar geti boðið upp á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem tekur mið af sérstöðu hvers staðar og tekur tillit til umhverfisins.</i> • <i>Í þéttbýli sé gert ráð fyrir rúmum svæðum til útvistar og að svæðin tengi saman hverfi þannig að svæðin nýtist gangandi sem hjólandi á milli hverfa.</i> <p>Fyrirhugað deiliskipulagssvæðið er innan þéttbýlismarka Borgarnes með mörk að íbúðarsvæðum í 11 og í 12 en einnig óbyggðu svæði í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.</p> <p>Vegsamgöngur</p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Bundið slitlag verði lagt á alla helstu tengivegi sem eru með malarslitlagi.</i> • <i>Byggðar verði tvíbreiðar brýr í stað einbreiðra á öllum stofnvegum og helstu tengivegum.</i> • <i>Hindra skal aðkomu búfjár að stofn- og tengivegum með því að girða helgunarsvæði þeirra af.</i> • <i>Áfram verði unnið að viðhaldi og uppbyggingu heraðsvega.</i> • <i>Unnið verði markvisst að hraðalækkandi aðgerðum í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins.</i> • <i>Vegir skulu lagðir samsíða hæðarlínum eins og kostur er í hallandi landi.</i> • <i>Kortleggja skal hávaða við fjölfarna vegi þar sem óstæða þykir til.</i> • <i>Leita skal leiða til að bæta almenningssamgöngur í sveitarfélaginu.</i> <p>Einnig er tekið fram í aðalskipulaginu að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Árið 2000 gerði Vegagerðin umferðarspá fyrir tiltekin vegkafla Hringvegar (1) fyrir árið 2020 til að auðvelda ákváðanatökum vegna framtíðarlegu hans um Borgarnes. Sú spá sprakk þegar árið 2006.</i> • <i>Þessar umferðartölur þóttu styðja tillögu að legu Hringvegar (1) með austurströnd Borgarness samkvæmt samþykktu aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017.</i>

Deiliskipulag	Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Aðliggjandi deiliskipulög eru <i>Deiliskipulag Bjargsland II, svæði I</i> staðfest 30.11.2006 með áorðnum breytingum og <i>Egilsholt 2, deiliskipulag</i> staðfest 31.01.2003 með áorðnum breytingum. Í tillögu að breytingu á deiliskipulag fyrir Bjargsland II (O15) frá 10.02.2022 er lagt til að nýtingarhlutfall einbýlishúsa verði allt að 0,5.
---------------	--

3 FORSENDUR

Skipulagssvæðið fyrir íbúðarbyggðina er staðsett á óbyggðu svæði með lítilli vík og klettadröngum. Að öðru leyti er um tiltölulega flatt svæði að ræða með blautu leirsþæði að hluta. Gróður er að mestu mos- og graslendi. Svæðið er opið fyrir vindu úr austri. Í gildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 er vegurinn sýndur á fyllingu frá Borgarfjarðarbrú og fer yfir leirur að stórum hluta sem eru verndaðar og að hluta til yfir lítt raskað votlendi skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Ekki eru svæði á náttúruminjaskrá. Þær vistgerðir sem skráðar eru innan og við jaðar breytingarsvæðisins koma fram í töflu hér að neðan.


Tafla 2. Vistgerðir innan áhrifasvæðis breytingar á aðalskipulagi.

Vistgerð	Vistgerðar nr./EUNIS flokkun	Lýsing	Verndargildi
Fjöruvistir	F1	Fjörubeður einkennist af hörðum klöppum og stórgrýti. Hann, ásamt brimasemi, ræður miklu um lífsskilyrði og hvernig vistgerðin skiptist í undirflokk. Aðrir eðlisþættir sem móta lífríkið eru halli fjörunnar, munur flóðs og fjöru, sjávarhit og selta. Í klappar- og stórgrýtisfjörum hafa þörungar betri festu og þola betur brimrótt en í fjörum þar sem undirlag er lausara. Stærri þörungar vaxa aðeins þar sem undirlag er nógu fast fyrir og veltur ekki í brimrótt. Því meira sem brim er, þeim mun haldbetra þarf undirlagið að vera til að þörungar fái þrifist. Þeir þrifast einnig illa í klappar- og stórgrýtisfjörum þar sem laus möl og sandur skolast til með öldum og skrapa gróður af undirlaginu. Smávaxnir einærir þörungar geta þó vaxið tímabundið á sílum stöðum á meðan sjór er kyrr á sumrin. Í mjög brimasönum og grýttum fjörum, þar sem lítið vex af þörungum, eru hrúðurkarlar gjarnan áberandi.	Hátt
Hraungambravist	L5.3	Vistgerðin einkennist af mikilli þekju hraungambra. Hún finnst á hæðarbungum, bæði á heiðum uppi og á láglendi, einkum þar sem snjóleitt er. Hún er yfirleitt allvel grón og er heildarþekja mosa mikil. Þekja æðplantna er talsverð og fléttuþekja veruleg, einkum þekja hreindýrakróka sem víða setja svip á vistgerðina. Land er sums staðar talsvert grýtt og stendur grjótið upp úr mosanum. Gróður er að jafnaði mjög lágvaxinn.	Lágt
Mosamelavist	L1.3	Hálfrónir, grýttir, hallandi melar í hlíðarbrúnum, á áveðra rindum og bungum; finnst frá láglendi og til fjalla þar sem úrkoma er ríkuleg en snjóþyngsli lítil. Vistgerðin einkennist af allmikilli þekju mosanna hraungambra og melagambra og er jafnframst best gróna melavistgerð landsins. Þekjan er þó slitrott þar sem skiptast á mosabreiður, melaflákar og klappir. Æðplöntuþekja er nokkur og fléttur eru talsvert áberandi. Gróður er að jafnaði mjög lágvaxinn.	Lágt
Alaskalúpína	L14.4	Mjög gróskumikið blómendi vaxið alaskalúpínu, grósum og blómjurtum. Finnst í vaxandi mæli á friðuðu landi, þar sem lúpínu hefur verið sáð eða plantað og hún breiðst um mela, moldir, skriður, holt og lyngmóa. Land er vel gróð, gróður hávaxinn, æðplöntur eru ríkjandi, talsvert mosalag í sverði þar sem úrkomusamt er.	
Snarrótarvist	L9.4	Mjög gróskumikið graslendi á flatlendi og í brekkum, vaxið snarrótarpunti og fleiri graslendistegundum. Vistgerðin finnst einkum á láglendi í gömlu ræktar- og beitilandi þar sem jarðvegur er fremur þykkr og frjósamur.	Hátt

		Land er algróið, gróður hávaxinn, æðplöntur algjörlega ríkjandi, mosi er lítill í sverði, fléttur finnast vart. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.	
Grasmóavist	L10.4	Grasríkt, slétt til þýft mólendi vaxið krækilyngi, blóðbergi, grósum og fleiri mólendistegundum, oft í talsverðum halla. Viða sér í grjót á yfirborði. Land er vel gróið, gróður fremur lágvaxinn, æðplöntur ríkjandi, mosi allmikill og fléttur nokkrar. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.	Hátt
Brokflóavist	L8.11	Flatt til lítið eitt hallandi, deigt til forblautt myrlendi vaxið klófífu og störum, í kvosum og á sléttlendi þar sem vatn stendur hátt og er á lítilli hreyfingu, fremur steinefnasnautt, smátjarnir og lænur algengar. Á þúfum og rínum vaxa smárunnar og aðrar þurrleidistegundir. Land er mjög vel gróið og gróður allhávaxinn, æðplöntur eru ríkjandi og mosi nokkur í sverði, lítilsháttar er af fléttum á þúfum og rínum.	Mjög hátt
Grasengjavist	L9.5	Deigt, fremur grósbumikið graslendi, vaxið hálíngresi, túnvingli, blávingli og mýrastör og sums staðar allhávönum brúskum af loðvöði og gulvöði. Finnst á sendnu framburðarlandi í dalbotnum á láglendi og til heiða og einnig á framræstu landi. Land er hallalítið, mjög vel gróið og gróður fremur hávaxinn. Æðplöntur eru ríkjandi í þekju, mosáþekja er allmikil en lítið er um fléttur. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.	Hátt
Starungsmýrvist	L8.9	Lítið til nokkuð hallandi, deigt til blautt, þýft myrlendi vaxið mýrastör og fleiri votlendistegundum, á sléttlendi og í hlíðum. Á þúfum og rínum vaxa smárunnar og fleiri þurrleidistegundir. Jarðvatn stendur hátt en land fer lítið eða undir vatn í leysingum og flóðum, vatn er fremur steinefnaríkt og land frjósamt. Það er algróið, gróður allhávaxinn, æðplöntur eru ríkjandi en mosi mikill, fléttur finnast vart. Í þennan flokk falla elftingamýrar en í þeim getur mýrelfting verið með allt eins mikla þekju eða meiri en mýrastör.	
Stinnastaravist	L9.1	Fremur rýrt, smáþýft og burrt, mosaríkt graslendi vaxið stinnastör og fleiri gras- og mólendistegundum. Land er hallalítið, algróið, gróður fremur lágvaxinn af graslendi að vera, æðplöntur ríkjandi. Mosi er mikill í sverði og áberandi í ásýnd, fléttur eru nokkrar. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.	Miðlungs
Tún og akurlendi	L14.2	Tún og akrar; landbúnaðarland þar sem ræktaðar eru fjölærar (túngrös) og einærar (korn, kartöflur, grænmeti) nytjaplöntur.	
Starmóavist	L10.3	Þurrt til deigt, fremur hallalítið, grásleitt og mosaríkt mólendi til heiða og fjalla, vaxið stinnastör, græsviði og fleiri mólendistegundum. Vistgerðin finnst einkum á mörkum votlendis og burrra mólendis, meðfram ám og lækjarfarvegum og á milli votlendis og mela. Hún er vel gróin, gróður lágvaxinn, mosar eru ríkjandi, æðplöntuþekja talsverð og fléttuþekja nokkur.	Miðlungs
Fjalldrapamóavist	L10.6	Þurrt, yfirleitt þýft, vel gróið mólendi vaxið fjalldrapa, krækilyngi, bláberjalyngi og fleiri mólendistegundum, ríkt af mosum og fléttum. Fremur hallalítið land á láglendi og til heiða. Gróður er fremur lágvaxinn, æðplöntur ríkjandi, en mosáþekja allmikil og fléttuþekja víðast hvar veruleg.	Miðlungs
Mosmóavist	L10.1	Þurrt, vel gróið, gamburmosaríkt mólendi, með strjálingsþekju af æðplöntum, einkum grásleitum tegundum, möðrum, krækilyngi og blóðbergi. Mosamóavist er algengust í hlíðum og brekkurótum en finnst einnig á flötu landi meðfram lækjum, ám og á grónum áreyrum.	Lágt



Mynd 1. Vistgerðarkort (þarf að setja inn afmörkun á veg og íbúðarbyggð)




Mynd 2. Vindrós sem sýnir helstu vindáttir á skipulagssvæðinu.

Algengasta vindáttin á svæðinu eru norðaustan og austanáttir eins og sjá má á vindrós á mynd 2.

Í Borgarbyggð hefur orðið talsverð fólksfjölgun á síðustu 9 árum og hefur fjölgæð vel umfram landsmeðaltal og þykir því ástæða að fara í gerð deiliskipulags fyrir umrætt íbúðasvæði. Íbúar í Borgarbyggð 1. nóvember 2022 voru 4.064 talsins og hafði fjölgæð um 4,9% frá árinu 2019.


Þróun íbúafjölda í Borgarbyggð 2013-2023



Mynd 3. Íbúaþróun í Borgarbyggð 2013-2023.


Vesturlandsvegur er nokkuð umferðarþungur vegur og hluti af Hringvegi. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 þá er gert ráð fyrir að vegurinn liggi niður fyrir byggðina og tengist aftur núverandi Hringvegi við fyrirhugað hringtorg við iðnaðarsvæðið að Sólbakka. Umferð um Borgarnes hefur haldist nokkuð stöðug síðastliðin 10 ár. Árdagsumferð um Borgarnes á talningarsvæðinu frá Borgarbraut að Hrafnakletti voru rúmlega 8.083 bílar á sólarhring árið 2013 en 8.063 fyrir árið 2022. Sumardagsumferð er talsvert meiri en árið 2013 var umferðin 9.694 bílar á

sólarhring en árið 2022 var umferðin komin í 11.137 bíla á sólarhring. Umferð þungabifreiða er umtalsverð. Samkvæmt umferðarkönnun og umferðarspá sem framkvæmd var af Vegagerðinni í júlí 2022 þá er hlutfall þungra ökutækja af árdagsumferð um 5% sem gerir um 400 bíla á sólarhring.



Mynd 4. Umferð um Borgarnes 2013-2022.

Í tengslum við aðalskráningu fornleifa fyrir valdar jarðir í Borgarbyggð þá voru skráðar fornleifar fyrir jarðirnar Borg og Suðurríki. Innan og við jaðar breytingarsvæðisins voru skráðar talvert af fornleifum. Um er að ræða herminjar sem staðsettar eru norðaustan við Hringveg, ofan við Húsasmiðjuna og Kaupfélag Borgfirðinga. Einnig eru að finna mógrafir sem eru tæplega 100 m ofan (austan) við Hringveg til móts við Loftorku og 100 m norðan við Húsasmiðjuna sem skiptast í þrjú svæði. Einnig er að finna á svæðinu tóft og garðlag sem eru leifar af úтиhúsi sem og vörðu.



Mynd 5. Skráðar minjar á áhrifasvæði vegar.

Í maí 2023 fór fram ný skráning en í þeiri skráningu kom fram að alls voru sjö minjar skráðar innan skipulagssvæðisins vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda í Borgarbyggð. Allar minjarnar voru vel greinanlegar á yfirborði nema ein, sem var heimild um legstað [3034-004] en ekki var hægt að sjá leifar þess á yfirborði. Þó svo að minjarnar voru ekki staðsettar við vettvangsvinnu er líklegt að undir sverði séu fornleifar sem gætu verið í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Minjar sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda eru mógrafir [3034-001], útihús og garðlag [3034-002], legstaður [3034-004], herminjar [3034-005], herminjar [3034-006] og gerði [3034-007]. Minjar sem eru í lítilli hættu er [3034-003].

Númer	Nr á ask. upplætti	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Orsök	Mótvægisaðgerðir
3034-001	L17	Mógrafir	Niðurgröftur	Hætta	Framkvæmdir/Vegagerð	Litið minjagildi
3034-002	L20	Tóft, Garðlag	Útihús	Hætta	Framkvæmdir/Vegagerð	Könnunarskurður/ uppröftur Merkja
3034-003	L21	Varða	Kennimark/ eyktarmark	Lítill hætta	Framkvæmdir/Vegagerð	Eftirlit
3034-004	L23	Heimild	Legstaður	Ekki vitað	Framkvæmdir/Vegagerð	Fellur ekki undir minjalög/ merkja
3034-005	L18	Mannvirki	Herminjar	Hætta	Framkvæmdir/Vegagerð	Fellur ekki undir minjalög
3034-006	L19	Mannvirki	Herminjar	Hætta	Framkvæmdir/Vegagerð	Könnunarskurður/ uppröftur
3034-007	L22	Garðlag	Gerði	Hætta	Framkvæmdir/Vegagerð	


4 EFNISTÖK SKIPULAGSBREYTINGA SKIPULAGSLEG STAÐA

4.1 Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 var staðfest 29.06.2011. Gerðar hafa verið 25 breytingar frá staðfestingu. Vinna er í gangi við endurskoðun aðalskipulagsins en þessi breyting mun taka gildi fyrir gildistöku nýs aðalskipulags. Gerð var breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar sem staðfest var 24.01.2019. Sú breyting var gerð vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Bjargsland II. Við breytinguna voru u.p.b. 4850 m² af óbyggðu svæði teknir undir íbúðarbyggð, svæði sunnan við Í11 og S2 og austan í12.



Mynd 6. Upprunalegt staðfest aðalskipulag Borgarbyggðar sem sýnir legu Hrinvegar skv. nágildandi stefnu aðalskipulags.



Mynd 7. Gildandi aðalskipulag Borgarbyggðar með breytingu sem staðfest var 24.01.2019.

4.2 Breytt skipulag

4.2.1 Breyting á íbúðarsvæði í12

Breytingar á aðalskipulagi eru í tveimur liðum. Annars vegar er gerð breyting á kafla 4.21 í greinargerð aðalskipulags þar sem töflu á blaðsíðu 74 er breytt en einnig er gerð breyting á þéttbýlisupprætti fyrir Borgarnes. Íbúðarsvæði í12 er stækkað um 3 ha. Innan svæðisins verði hægt að koma fyrir allt að 90 íbúðum. Húsagerðir innan svæðisins væru eins til tveggja hæða einbýlishús 130-300 m² að stærð en einnig lítil fjölbýli á 2-3 hæðum með allt að 9 íbúðum í hverju húsi, íbúðastærð 50-120 m². Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 41 íbúð innan núverandi svæðis þannig að samtals verða allt að 130 íbúðir innan reits í12 og efri mörk nýtingarhlutfalls hækkar úr 0,5 í 0,8 og neðri mörk eru færð niður í 0,25.

Tafla fyrir breytingu:

Landnýting	Staðsetning og lýsing	Stærð (ha)	Nýtingarhlutfall	Tilvísun í þéttbýlisupprætti
Íbúðarsvæði	Bjargsland: Kvíaholt, Stekkjarholt og Söðulsholt	4,6	0,3-0,5	Í10
Íbúðarsvæði	Bjargsland, nýtt hverfi	3,8	0,25-0,35	Í11
Íbúðarsvæði	Bjargsland: Fífuklettur og Birkiklettur	5,7	0,35-0,5	Í12

Tafla eftir breytingu:

Landnýting	Staðsetning og lýsing	Stærð (ha)	Nýtingarhlutfall	Tilvísun í þéttbýlisupprætti
------------	-----------------------	------------	------------------	------------------------------

Íbúðarsvæði	Bjargsland: Kvíaholt, Stekkjarholt og Söðulsholt	4,6	0,3-0,5	Í10
Íbúðarsvæði	Bjargsland, nýtt hverfi	3,8	0,25-0,35	Í11
Íbúðarsvæði	Bjargsland: Fifuklettur og Birkiklettur	8,7	0,25-0,8	Í12


4.2.2 Breyting á legu Hringvegar um Borgarnes.

Til þess að geta stækkað íbúðabyggðina í Bjargslandi (Í12) þá er nauðsynlegt að fára til legu Hringvegar eins og hún er skilgreind í gildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Breyting á legu Hringvegar þannig að hann muni færast fjær byggðinni á Bjargslandi. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi kemur vegur aftur upp á land í fjörunni vestan við Kveldúlfshöfða en samkvæmt breytingunni mun hann halda áfram lengra til vesturs og koma í land vestan Kveldúlfshöfða og tengjast núverandi legu Hringvegar rétt norðan við Hamarsvöll en um er að ræða blöndu af leið 3 og 5 skv. kafla 5.3 um stefnukosti. Það má einnig gera ráð fyrir því að gerð verði krafa um 2-1 veg í gegnum Borgarnes í framtíðinni ef vegurinn verður ekki færður. Ljóst er að slík framkvæmd myndi þurfa töluvert meira rými en vegurinn eins og hann liggur í dag og því nauðsynlegt að huga vel að tilfærslu vegarins með það í huga.

Þar sem óvissa er um endanlega hönnun vegarins í nágrenni við golfvöllinn, niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar þá verði skoðað hvort breyta þurfi aðalskipulagi þegar þau gögn liggja fyrir. Skipulagsgögn eru lögð því fram með þeim fyrirvara.

Sértækir skilmálar um veg:

- Gerðar verða viðeigandi rannsóknir á straumum og áhrifum fyllingar á vatnsskipti, straumhraða við botn og straumhraða við opnanir á fyllingunni. Markmiðið er að kanna möguleg áhrif á tilflutning botnsets og botndýralíf.
- Taka skal mið af nýjustu rannsóknum vegna mögulegra loftslagsbreytinga á sjávarstöðu við ákvarðanir um hæð fyllingar vegarins, og gera grein fyrir flóðahættu og auknu álagi á fyllingar sem fylgja vegagerðinni.
- Sýna skal fram á að vatnsskipti verði tryggð og skal straumlíkan fylgja hönnunargögnum ásamt mati á líklegum áhrifum á lífríki.



Mynd 8. Svæði þar sem óvissa ríkir um endanlegu þjóðvegar er innan gula

5 Umhverfisáhrif

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Áhrif skipulagsins á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum eru metnir samhliða gerð skipulagsins.

Metin eru áhrif á hagræna og félagslega þætti, náttúrufarslega þætti, heilsu, útvist og öryggi og landslag, ásýnd og menningararf sbr. töflu 2. vinsun umhverfisþátta.

5.1 Áhrifa- og umhverfisþættir

Áhrifabættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Þeir þættir sem verða skoðaðir eru umhverfisáhrif vegna breytrar legu þjóðvegar á um 1,5 km kafla miðað við stefnu gildandi Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022.

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Í töflu hér að neðan (tafla 2) er vinsun umhverfisþáttta, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins og útfærslu hennar í deiliskipulagi. Val umhverfisþáttta byggir á fyrilliggjandi upplýsingum um grunnástand, upplýsingar úr fyrilliggjandi skýrslum um náttúrufar og aðrar forsendur sem liggja fyrir.

Tafla 3. Vinsun umhverfisþáttta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna breytingar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Matsþáttur	Umhverfisþættir	Skýringar
Hagrænir og félagslegir þættir	Íbúar og efnisleg verðmæti	Færsla Hringvegar getur haft áhrif á þróun byggðar með auknu svigrúmi á stækken á núverandi íbúðarbyggð og haft þannig áhrif á íbúaþróun. Framkvæmdir geta haft áhrif á gildi eigna, m.a. vegna truflunar og breytrar ásýndar.
Náttúrufarslegir þættir	Líffræðileg fjölbreytni, plöntur, dýr, vatn, jarðmyndanir og jarðvegur.	Breytt lega Hringvegar getur haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni á svæðinu, á gróður og dýralif, vatnafar og skerðingu á ákveðnum vistgerðum.
Landslag, ásýnd og menningararfur	Landslag, menningarminjar	Breytingin getur breytt ásýnd svæðisins og mögulega á menningaminjar þar sem þær eru innan áhrifasvæðis breytingarinnar.
Heilsa, útivist og öryggi	Heilbrigði manna og landslag	Breyting á legu Hringvegar getur haft áhrif á hljóðvist og loftgæði og útivistarmöguleika.

5.2 Aðferðir við umhverfismat, framsetning og vægiseinkunn

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar sbr. töflu 3. hér að neðan. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort valkostir um stefnu styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar eru matssurningar til að greina hvort stefnan styður eða vinnur gegn viðmiðunum.

Tafla 4. Vægiseinkunnir.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, litil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvist er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

5.3 Stefnumkostir

Í umhverfismatinu eru lagðir til grundvallar fimm valkostir varðandi legu Hringvegar um Borgarnes.


Tillaga 1-2 gengur út að Hringvegur liggur í gegnum þéttbýlið en það er sú leið sem farin er í dag.

Tillaga 3 er svipuð þeirri leið sem er í gildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 en farið er með veginn nær byggðinni við miðsvæði M1 við Vesturlandsveg og rennur vegurinn síðan saman við Vesturlandsveg rétt norðan Hamarsvallar.

Tillaga 4 svipar til tillögu 3 en í stað þess að fara um fjöruna skammt austan við Fjóluklett þá er farið með veginn nálægt landi lengra til austurs í Grímólfsvík þar sem vegurinn mun tengjast með hringtorgi að framtíðarlegu Snæfellsnesvegar.

Tillaga 5 gerir ráð fyrir sömu leið og í gildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 að Kveldúlfshöfða en þaðan mun vegurinn liggja fjær landi og tengjast aftur Hringveginum skammt norðan við Hamarsvöll.

Núllkostur er sú stefna sem er í gildandi aðalskipulagi.



Mynd 9. Tillögur að leiðarvali Hringvegar um Borgarnes. Breytingarsvæðið er innan rauða rammans.

5.3.1 Hagrænir og félagslegir þættir

Viðmið: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 2016-2030, markmið nr. 8.

- Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla.
- Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.
- Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið.

Matsspurning	Núllkostur	Tillaga 1-2	Tillaga 3	Tillaga 4	Tillaga 5
Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf og atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	+	-	+	+	++
Stuðlar breytingin að bættum lífsgæðum íbúa?	+	-	+	+	++
Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðapjónustu?	+	-	+	+	++

Færsla á þjóðvegi mun í öllum framlögðum valkostum hafa jákvæð eða verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti m.t.t þeirra matsspurninga sem lagðar eru fram. Framkvæmdin mun efla atvinnulíf á svæðinu á meðan á framkvæmdum stendur. Tillaga fimm hefur verulega jákvæð áhrif á atvinnulíf og atvinnu þar sem lega þjóðvegar veitir meiri möguleika á stækken á núverandi íbúðabyggð í Klettaþverfi. Tillaga 3 gerir ráð fyrir að vegurinn liggi nær byggðinni og dregur þannig úr frekari uppbyggingarmöguleikum. Tillaga 1-2 gerir ráð fyrir að Hringvegur liggi áfram í gegnum þéttbýlið sem þrengir að uppbyggingarmöguleikum við skilgreint miðsvæði en hefur jákvæð áhrif á stækken íbúðabyggðar í Klettaþverfi en sú mikla þungaumferð sem liggur um þéttbýlið í dag mun verða áfram á sama stað og skerða þannig lífsgæði íbúa og annarra vegfarenda.

5.3.2 Náttúrufarslegir þættir

Viðmið: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 2016-2030, markmið nr. 15 og Landsskipulagsstefna 2015-2026

- Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi.
- Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárferfi og landslagi.
- Vatnáætlun Íslands 2022-2027.

Matsspurning	Núllkostur	Tillaga 1-2	Tillaga 3	Tillaga 4	Tillaga 5
Styður viðkomandi stefnumið umhverfisviðmið (umhverfisverndarmarkmið) um líffræðilegan fjölbreytileika ?	-	+	-	-	-
Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjaskrá?	0	0	0	0	0
Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróðið land?	-	0	-	-	-
Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m ² , sjávarfitjar og leirur og fossa?	-	0	-	-	-
Hefur stefnan áhrif á vistkerfi hafssins, svo sem með losun eða efnistöku?	-	0	-	-	-

Tillaga 1-2 mun hafa jákvæð eða óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og þeim matsspurningum sem lagðar eru fram til grundvallar enda miðast sú tillaga við að Hringvegur liggi áfram í gegnum þéttbýlið.

Aðrar tillögur munu hafa möguleg neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika þar sem verið er að fara með veginn í gegnum leirur og votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þó mismikið eftir leiðarvali. Tillaga 5 gerir ráð fyrir að færa veginn fjær landi og þar með fjær fjörum og leiðin liggur að mestu í jaðri skilgreindra leirusvæða. Fyrir utan tillögu 1-2 þá mun hinar tillögurnar hafa neikvæð áhrif á lífríki svæðisins s.s. botn- og smádýralif og mögulega á fæðusvæði fiska og fugla. Færsla Hringvegar getur því einnig haft neikvæð áhrif á svæði á náttúruminjaskrá eða mikilvæg fuglasvæði en í nálægð við fyrirhugað vegstæði eru skilgreind svæðinu Andakíll og Mýrar og Löngufjörur. Möguleg neikvæð áhrif á vatnafar þar sem nýr vegur getur haft áhrif á ála Hvítárósuna sem og á gæði vatnholts á meðan á framkvæmdum stendur eða vegna mögulegrar olíumengunar vegna slyss á fyrirhuguðum vegi. Vatnshlotið hefur skilgreininguna Ósar Hvítár í Borgarfirði (104-34- T) og hefur vistfræðilegt ástand verið metið mjög gott en efnafræðilegt ástand er óþekkt. Frekari áhrif á vatnshlotið verður skoðað í umhverfismati framkvæmdarinnar.

5.3.3 Landslag, ásýnd og menningararfur

Viðmið: Landsskipulagsstefna 2015-2026

- Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.

Matsspurning	Núllkostur	Tillaga 1-2	Tillaga 3	Tillaga 4	Tillaga 5
Er breytingin líkleg til að hafa áhrif á menningarminjar?	0	0	-	-	-
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	-	0	-	-	-

Tillaga 1-2 mun hafa óveruleg áhrif á umhverfispáttinn landslag, ásýnd og menningararfur þar sem vegurinn mun áfram liggja um þéttbýlið og engar skráðar forminjar á þeirri leið og engin breyting verður á ásýnd lands. Núllkostur, tillaga 3-5 munu hafa möguleg neikvæð áhrif á skráðar minjar á svæðinu en innan áhrifasvæðis breytingarinnar eru að finna mógrafir, tóft, garðlag og vörðu en leiðir sem lagðar eru þó allar í talsverði fjarlægð frá skráðum minjum.

Aðrar tillögur munu hafa neikvæð áhrif á ásýnd þar sem vegur mun liggja um áður ósnert svæði og því mun útsýni og ásýnd frá landi breytast talsvert.

5.3.4 Heilsa, útvist og öryggi

Viðmið: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 2016-2030, markmið nr. 3

- Stuðla að heilbrigðu lífernri og vellíðan fyrir alla frá vöggvi til grafar.

Matsspurning	Núllkostur	Tillaga 1-2	Tillaga 3	Tillaga 4	Tillaga 5
Stuðlar stefnan að betri byggð hvað varðar umferðaröryggi,?	+	-	+	++	++
Stuðlar stefnan að betri byggð hvað varðar loftgæði?	+	-	+	++	++
Stuðlar stefnan að betri byggð hvað varðar hljóðvist?	+	-	+	+	+
Er hætta á mengun að völdum áætlunar ?	-	-	-	-	-

Stuðlar stefnan að möguleikum til útvistar og hreyfingar?	-	+	-	-	+
---	---	---	---	---	---

Allar tillögur fyrir utan tillögu 1-2 mun hafa verulega jákvæð eða jákvæð áhrif umferðaröryggi, loftgæði og hljóðvist. Með því að færa gegnumakstursumferðina og þar með einnig þungaumferð úr þéttbýlinu á nýjan veg í jaðri þéttbýlisins mun bæta hljóðvist og loftgæði til muna fyrir núverandi byggð. Mjög líklega mun hljóðvist verða betri með tillögu 4 og 5 á núverandi byggð og stækkan byggðar sem liggur nær ströndinni þar sem meiri fjarlægð verður í veginn á þeim leiðum. Skoða þarf þó þessi atriði nánar í umhverfismati framkvæmdarinnar. Umferðaröryggi mun aukast talsvert á leiðinni þar sem núverandi þjóðvegur mun breytast í almennan innabæjarveg og því hægt að fjölga gönguþverunum og tengja betur byggðina sitthvorum megin við Borgarbraut og nýr vegur verður hannaður með hámarks umferðaröryggi að sjónarmiði.

Í öllum tilvikum er hætta á mengun en þó talsvert meiri með færslu vegarins þar sem olíumengun getur borist óhindrað á viðkvæm leirusvæði .

Tillögur 1-2 og tillaga 5 munu hafa jákvæð áhrif á útvist þar sem með þeim skerðast fjörur einna minnst og eru vinsæl útvistarsvæði. Hinar tillögurnar gera ráð fyrir að vegurinn liggi nærrí landi og hafa þannig neikvæð áhrif á mikilvæg útvistarsvæði. Hljóðvist mun þó í öllum tilfellum verða neikvæð á útvist á nærliggjandi fjörusvæði þar sem þjóðvegurinn verður mun nærrí þeim en hann er í dag. Gæta skal að þáttum útvistar við hönnun vegarins, s.s. er varða þætti eins og hljóðmengun og ljóskast.

5.3.5 Niðurstaða umhverfismats

Núllkostur hefur jákvæð áhrif á hagræna og félagslega en í flestum tilfellum möguleg neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti. Óveruleg eða neikvæð áhrif á landslag, ásýnd og menningararf og jákvæð og neikvæð áhrif á heilsu, útvist og öryggi.

Tillaga 1-2 hefur neikvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti en jákvæð og óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti. Áhrif á landslag, ásýnd og menningararf eru óveruleg en neikvæð og jákvæð á heilsu, útvist og öryggi.

Tillaga 3 hefur jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti, neikvæð eða óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti sem og á landslag og ásýnd. Möguleg neikvæð áhrif á menningararf. Áhrif á heilsu, öryggi og útvist eru neikvæð en jákvæð á útvist.

Tillaga 4 hefur jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti jákvæð en neikvæð og óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti sem og á landslag og ásýnd. Möguleg neikvæð áhrif á menningararf. Verulega jákvæð áhrif á umferðaröryggi, loftgæði og hljóðvist en annars neikvæð áhrif á heilsu, öryggi og útvist.

Tillaga 5 mun hafa verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Neikvæði og óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti, óveruleg og neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Möguleg neikvæð áhrif á menningararf. Verulega jákvæð áhrif umferðaröryggi, loftgæði og hljóðvist, neikvæð áhrif vegna hætta á mengun og jákvæð áhrif á möguleikum til útvistar og hreyfingar.

Niðurstaða umhverfismats gerir ráð fyrir að tillaga 5 sé ákjósanlegasta leiðin m.t.t. þeirra umhverfisþáttu sem lágu til grundvallar þar sem hún mun hafa minnst neikvæð áhrif og gefur umtalsverða möguleika til frekari uppbyggingar í þéttbýlinu og hefur verulega jákvæð áhrif á hljóðvist og loftgæði.

5.3.6 Eftirfylgni og vöktun

Leitast þarf við að endurheimta votlendi sem raskast. Við útfærslu framkvæmda er mikilvægt að lágmarka neikvæð áhrif á leirur en t.d. geta mótvægisgerðir til að sporna gegn áhrifum á breytingu strauma falist í að takmarka flatarmál núverandi fínefnasvæðis sem fer undir framkvæmdina og botnmótun- og axlar. Mótvægisgerðir geta falið í sér ákveðna botnmótun og fláa til að auka líkur á fínefnamyndun. Vegur verður hannaður sérstaklega m.t.t. mögulegrar olíumengunar.

6 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Skipulagslýsing vegna breytingar á Borgarbyggðar 2010-2022 var auglýst 21. febrúar 2023 með fresti til að leggja fram athugasemdir til 9. mars. Lýsingin var send eftifarandi opinberu stofnunum til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Borgarbyggð
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Vegagerðin
- Veðurstofa Íslands

Eftifarandi umsagnir bárust við skipulagslýsinguna.

Tafla 5. Listi yfir umsagnaraðila.

Aðili	Dags.	Ábendingar
Minjastofnun	24.3.2023	Ábendingar um kröfu um skráningu fornleifa áður en gengið er frá aðal-eða deiliskipulagi og ábendingar um nýja staðla sem gengu í gildi 2013.
Skipulagsstofnun	7.3.2023	Rökstýðja þarf nauðsyn þess að fara í svona umfangsmikla breytingu og fléttá hana ekki inni í endurskoðun aðalskipulags. Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar. Mikilvægt að gert verði grein fyrir breytingum sem varða hljóðvist og loftgæði í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar ásamt samanburði við grunnástand. Bent er á að lagning þjóðvegar 1 um leirurnar í Borgarfirði er að líkendum matskyld framkvæmd skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Gera þarf grein fyrir hvort vinna sé hafin við tilkynningu eða umhverfismat framkvæmdarinnar og hvar sú vinna stendur. Stofnunin bendir á hvort rétt sé að vinna umhverfismat tillögunnar og framkvæmdarinnar samhliða. Gera þarf grein fyrir stöðu vegarins skv. gildandi samgönguáætlun. Bendir á virkt samráð við almenning og hagsmunaaðila við tillöguggerðina og senda þurfi tillöguna til umsagnar Veðurstofunnar vegna mögulegrar flóðahættu og til Hafrannsóknarstofnunar og Fiskistofu vega lífríkis og þess að um veiðiá er að ræða.
Veitur	7.3.2023	Veitur vilja mögulega endurnýja lagnir og lagnaleiðir og óska eftir góðu samtalí þegar nær dregur endurnýjun þjóðvegar.
Náttúrufræðistofnun Íslands	7.3.2023	Ljóst er að allir valkostir um færslu hringvegar, nema tillaga 1-2 sem gerir ekki ráð fyrir færslu suðaustur fyrir byggðina, munu valda miklu raski á leirusvæðum sem og öðrum fjörusvæðum og þar af leiðandi líklega töluvert neikvæðum áhrifum fyrir lífríki svæðisins. Að mati Náttúrufræðistofnunar verður að framkvæma ítarlegar náttúrufarsrannsóknir á svæðinu þar sem lagt er mat á grunnástand helstu

		<p>náttúrufarsþátta sem og á áhrif framkvæmdarinnar. Meðal þess sem þarf að rannsaka er fuglalíf, botndýralíf, gróður, jarðminjar og áhrif á landslag og hvort ólíkir valkostir hafi mismunandi áhrif á t.d. vistgerðir, fæðuöflunarsvæði fugla, jarðminjar o.fl.</p> <p>Ef af skipulagstillöggunni verður ætti einnig að horfa til mótvægisaðgerða sem m.a. geta falist í öflugri verndun á sambærilegum svæðum. Þar má nefna að vestan við Borgarnes eru lífrík fjörusvæði sem eru innan tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúrumínjaskrár. Tillagan "Mýrar-Löngufjörur" er viðfeðm enda strandsvæði á Mýrum og yst í Borgarfirði eitt af mikilvægustu svæðum landsins fyrir líffræðilega fjölbreytni. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti hiklaust að horfa til friðlýsingar eða friðunar vistgerða og búsvæða fugla á svæðum eins og í Borgarvogi, Langárós, Straumfirði og viðar sem mótvægisaðgerðir við röskun svæða sunnan og austan byggðar ef af færslu hringvegarins verður.</p>
Hafrannsóknarstofnun	7.3.2023	<p>Nýleg samantekt á botnlífríki fyrirhugaðs framkvæmdasvæðisins var fyrilliggjandi í ritgerð Hrafnhildar Tryggvadóttur nema við LBHÍ. Þar kemur fram að fjörur einkennist af finnum sandi og að smádýralíf á botni sé fábreytt og samstandi af harðgerum tegundum. Ferskvatnsáhrif eru töluberð á svæðinu. Nokkuð er af ferskvatnsflundru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en aðrir flatfiskar eða seiði þeirra eru að líkindum sjaldgæfir innan Borgarfjarðarbrúar.</p> <p>Lax – og silungsveiði í net var stunduð á vatnasvæði Hvítár fram til 1990. Þá voru gerðir samningar á milli veiðiréttarhafar í hliðarám Hvítár og netaveiðijarðir á neðri hluta Hvítár þar rétturinn til netaveiða hefur verið leigður allt frá árinu 1991iii. Á þeim kafla sem nýr vegur upp með landinu við Borgarnes voru skráðar 5 silungalagnir (lagnet), en þetta land var og er í eigu Borgarnesbæjar (Borgarbyggðar). Ef netaveiðar hefjast að nýju er bent á að aðstaða til netaveiða er þá gjörþreytt frá því sem áður var. Skammt fyrir ofan nýja veglíná eru síðan lagnir fyrir landi Einarsness en þar voru skráðar 6 neta lagnir, þar af 3 í lagnet og 3 króknetalagnir. Hugsanlegt er að ný veglíná hafi áhrif á straumhraða árinna og hvar álar myndast á þessu svæði og því gætu verið breyttar aðstæður eftir að nýr vegur verður að veruleika.</p> <p>Hvítárosinn er mikilvægt fæðusvæði fyrir sjóbleikju á vatnasvæði Hvítár, sérstaklega að sumarlagi, en einnig hafa merkingar á bleikju með útvarpsmerkjum sýnt að bleikjan gengur einnig í ósinn í fæðuleit á hlýindaköflum að vetri. Þá nýtir urriði (sjóbirtingur) ósinn sem fæðusvæði a.m.k. hluta ársins. Miklar breytingar hafa átt sér stað á silungastofnum á vatnasvæðinu þar sen urriði er að eflast, bleikjustofn Hvítár hefur hrunið og á sama tíma hefur myndast stór stofn af flatfisknum flundru á þessu svæði. Ný veglíná upp með Borgarnesi hefur þó varla umtalsverð áhrif á lífríki Hvítárossins, enda mjög litill hluti óssins sem verður fyrir áhrifum af veglínunni.</p>
Hvalfjarðarsveit	9.3.2023	Gerði ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.
Samgöngustofa	14.3.2023	Gerði ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.
Vegagerðin	14.3.2023	Gerði ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.
Umhverfisstofnun	15.3.2023	Gerði ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna aðra en þá að Vegagerðin skoði lauslega möguleika á því að færa Hringveg 1 ofar og að farið yrði af Borgarfjarðabraut yfir Hvítá inn á Hringveg 1 í Stafholtstungum.
Dalabyggð	15.3.2023	Gerði ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.
Eyja- og Miklaholtshreppur	16.3.2023	Gerði ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.
Ferðamálastofa	17.3.2023	Gaf ekki umsögn.
Veðurstofa Íslands	22.3.2023	Gerði ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Eftirfarandi umsagnir bárust við vinnslutillögu.

Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð
Minjastofnun Íslands 27. október 2023	<p>Staðsetningu og umfang minja þarf að setja inn á skipulagsupprátt.</p> <p>Grípa þarf til ákveðinna mótvægisáðgerða. Meðan á framkvæmdum stendur þarf að merkja vörðu [3034-003], og hafa framkvæmdaeftirlit við legstað [3034-004]. Við tóft og garðlag [3034-002], og gerði [3034-007] þarf ad taka könnunarskurði og þversnið til að kanna eðli og umfang minjanna áður en framkvæmdir hefjast.</p> <p>Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymlsrustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.</p>	<p>Minjar voru merktar inn á uppdrátt.</p> <p>Veglína og stækkan íbúðabyggðar sem lögð er til í tillögunni er vel utan helgunarsvæða umræddra minja.</p> <p>Við framkvæmdir verður gætt að þessum atriðum.</p>
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands 23. október 2023	<p>Fram kemur í kafla 2.1 að lýsingin hafi verið auglýst þann 21. febrúar og send Heilbrigðiseftirliti Vesturlands til umsagnar, engin gögn finnast hjá stofnuninni um þessi samskipti. Það hefði verið gaman að sjá fleiri tillögur t.d. að taka veginn norður fyrir byggðina eða sunnan fjarðar og yfir Hvítá.</p> <p>Mikilvægt er að tillögurnar séu kynnar með hljóðkorti til að unnt sé að átta sig á dreifingu hljóðs miðað við gefnar forsendur og hámarksálag. Gera þarf grein fyrir hljóði upp í byggðina og eins yfir fjörðinn. Ekki er ólíklegt að ef vegurinn er færður lengra út á fjörðinn þá berist hljóðið með öðrum hætti og nái mögulega hærra upp í íbúðarbyggðina.</p> <p>Tillögur þar sem lega vegarins liggur í fjöru eða í firði munu hafa neikvæð og óafturkræf áhrif í lífsgæði íbúa sem nýta fjöruna til útvistar. Á sama tíma eru lífsgæði íbúa sem búva við of hátt hljóðstig skert þar sem vegurinn liggur í gegnum byggðina. Erfitt er því að skilja mat skýrsluhöfunda á mjög jákvæð áhrif á lífsgæði af tillögu 5 þar sem nú er þögn verður umferðarhávaði og leiðin mun hafa neikvæð áhrif á útvist. Gagnvart þeim gildum sem heilbrigðiseftirlitið á að standa vörð um eru allir kostir slæmir á sinn hátt.</p> <p>Ef vegurinn er lagður með fjörunni er erfiðara að fyrirbyggja olíuslys með mótvægisáðgerðum. Allur flutningur á olíu er í landi og olíumengunarslys eru of algeng. Möguleg mótvægisáðgerð er að hanna veg sérstaklega með tilliti til olíumengunar. Skoða þarf þetta með tilliti til alþjóðlegra samninga en Kaupmannahafnarsamningurinn er nefndur í skýrslunni og sömuleiðis samningur um líffræðilega fjölbreytni. Búast má við að vegur í fjöru hafi óafturkræfar breytingar á lífríki og því mikilvægt að gera rannsóknir á núverandi ástandi eins og aðrir umsagnaraðilar hafa lagt til.</p>	<p>Valkostir sem eru til skoðunar eru valkostir sem Borgarbyggð í sameiningu með Vegagerðinni hafa ákveðið að sýna í breytingartillögunni.</p> <p>Áhrif á hljóðvist eru metin í umhverfismatsskýrslu. Nákvæm hljóðvistargreining mun fara fram í umhverfismati framkvæmdarinnar.</p> <p>Niðurstaða í umhverfismatsskýrslu var endurskoðuð m.t.t. athugasemdar.</p> <p>Vegurinn verður alltaf hannaður með tilliti til að lágmarka mögulega olíumengun. Rannsóknir á lífríki verða gerðar í umhverfismati framkvæmdarinnar og því er í breytingartillögunni einungis verið að skoða áhrif m.t.t. fyrilliggjandi gagna.</p>

Slökkvilið Borgarfjarðar 25. október 2023	Slökkvilið Borgarbyggðar gerir ekki athugasemd við tillögu.	þarfast ekki viðbragða.
Vegagerðin- Vestursvæði 30. október 2023	Uppfæra mynd átta með réttri tillögu fjögur og uppfæra óvissusvæði þannig að veglina fjögur og veglina fimm séu báðar þar inni því ekki hefur verið tekin afstaða um endanlega veglinu. Í töflu þar sem valmöguleika veglínú eru metnir bendir stofnunin á að ekki hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum og því hefur afstaða til veglínanna ekki verið tekin og er möguleiki að þar komi fram aðrar niðurstöður en þær sem eru í vinnslutillögu. Veglínú valkostir verða skoðaðir í ferli um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana (nr. 111/2021).	Mynd var uppfærð í samvinnu við Vegagerðina. Sveitarfélagið tekur undir þessa athugasemd og bendir á að verið sé að meta út frá fyrirliggjandi gögnum og útkoma úr umhverfismati getur verið á aðra leið ef rannsóknir sem fram koma við þá vinnu leiða til annarrar niðurstöðu.
Náttúrufræðistofnun Íslands 30. október 2023	Ítrekuð eru skilaboð Náttúrufræðistofnunar um að farið verði í náttúrufarsrannsóknir á svæðinu þar sem lagt er mat á grunnástand helstu náttúrufarsþátta og á áhrif mismunandi valkosta. Meðal þess sem þarf að rannsaka er fuglalíf, botndýralif, gróður, jarðminjar og áhrif á landslag. Verði fjörusvæðum raskaðmeð veglagninguber auk þessaávakta lífríkiþeirraí kjölfar framkvæmdanna. Þá ætti einnig að skoða þann möguleika að vernda önnur sambærileg svæði í stað þeirra sem yrði raskað ef af færslu Hringvegarins verður. Vestan Borgarness eru lífríkarfjörurinnan svæðis sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnuná B-hlutanáttúrumínaskrár.	Frekari rannsóknarvinna mun fara fram í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Þetta verður skoðað í vinnu við endurskoðun aðalskipulags sem er farin af stað.
Samgöngustofa 31.10.2023	Grein 5.3 fjallar um stefnukosti. Meðfylgjandi mynd 8 með greininni sýnir, með teiknuðum tillögum 1 til 5, valkosti lagða til grundvallar legu Hringvegar um Borgarnes. Við tillögu 4 er sýnt hringtorg, sem virðist tengjast hugmynd að nýrri legu Snæfellsnesvegar. Ætlunin er, að sá vegur liggi suðvestan við núverandi einkaflugvöll, sem kenndur hefur verið við Borgarnes og er mögulega í landi Kárastaða. Þessi lendingarstaður er óskráður, en er notaður af a.m.k. eigendum hans. Sveitarfélagini er bent á að íhuga, hvort rétt sé að birta í skipulagsgögnum sínum staðsetningu lendingarstaða ásamt öryggissvæði og hindranaflösum þeirra. Með því móti fengi sveitarfélagið góða sýn á mögulegt umfang bygginga og annarra mannvirkja nærrí flugvelli. Sé um einhverja sérstaklega skilgreinda notkun flugvallarins að ræða, gæti einnig verið rétt nefna hana.	Flugvöllurinn er vel utan breytingarsvæðis en ábendingin er vel þegin og tekið verður tillit til hennar við áframhaldandi vinnslu tillögunnar.
Umhverfisstofnun 23. október 2023	Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við stækken íbúðasvæðis en varðandi nýja legu Hringvegar ætti sveitarfélagið að standa vörð um vegsvæðið þannig að byggð hindri ekki að unnt verði að stækka veginn ef þörf krefur í framtíðinni. Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 2.2. skal fjalla um tengsl við vatnaáætlun. Allar framkvæmdir og skipulagsáætlanir eiga að vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd í vatnaáætlun og lög nr. 36/2011 (28. gr.) um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.	Að mati sveitarfélagsins skapast með tillögunni meira rými fyrir veginn þó ákveðinn óvissa ríkir að hluta til. Vatnaáætlun og tengsl við tillöguna verður bætt við í greinargerð.

	<p>Framkvæmdin mun líklega hafa áhrif á árósarvatnshlotið Ósar Hvítár í Borgarfirði (104-34- T).</p> <p>Einn af umhverfisþáttunum sem skoða þarf í umhverfismatinu er áhrif á vatn. Í umhverfismati þarf að leggja mat á það hvort framkvæmdin verði til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins nái ekki.</p> <p>Umhverfisstofnun vinnur nú að gera leiðbeininga fyrir slíkt áhrifamat og hvetur framkvæmdaraðila til að hafa samband við stofnunina og fá frekari leiðbeiningar.</p> <p>Öll árósarvatnshot eiga að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og góðu efnafræðilegu ástandi. Nái vatnshot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns.</p> <p>Umrætt vatnshot hefur verið ástandsflókað í mjög gott vistfræðilegt ástand en efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er ekki þekkt. Tryggja þarf að framkvæmdin valdi ekki því að umhverfismarkmið vatnshlotsins nái ekki. Til að meta áhrif á vatnshotið þarf að gera áhrifamat sem innifelur m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Álag vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðaþætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshot. Ef greint er líklegt álag á gæðaþættina vegna framkvæmdar, þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. • Mótvægisáðgerðum, sem notaðar eru til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdar. • Samlegðaráhrifum allrar starfsemi og framkvæmda (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshot. <p>Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun skv. 18 gr. laga um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaaðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshoti.</p> <p>Leirur</p> <p>Í greinargerð kemur fram að valkostir valda raski á leirum sem njóta sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á þær. Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á leirunum og því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.</p> <p>Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkni. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.</p> <p>Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga,</p>	<p>Bætt var við umfjöllun um möguleg áhrif á vatnshot í greinargerð.</p>
--	--	--

	<p>rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.</p> <p>Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.</p>	
Hafrannsóknarstofnun 3. nóvember 2023	<p>Hafrannsóknastofnun vísar til fyrri athugasemda sinna við sama mál og ítrekar mikilvægi svæðisins sem um ræðir fyrir göngu laxfiska. Svæðið innan brúar varð fyrir óafturkraefum breytingum við þverun og brúun Borgarfjarðar, skv. BS ritgerð Hrafnhildar Tryggvadóttur frá Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2011. Heildarlífþyngd hefur minnkað um helming og ferskvatnsáhrif eru meiri í firðiðinum og hann minna ísaltur en áður. Frekara rask á svæðinu kallar á að vaktaðar séu breytingar á vistkerfi fjaranna innan og við athafnasvæðið.</p> <p>Hafrannsóknastofnun minnir á að taka skuli til greina lög um stjórn vatnamála (lög nr. 36/2011) við mat á umhverfisáhrifum. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við erindið.</p>	<p>Í niðurstöðum umhverfismats er þess getið möguleg færsla getur haft áhrif á fæðusvæði fiska og fugla. Vísað er að öðru leyti í umhverfismat framkvæmdarinar sem er í undirbúningi og verða þar gerðar ítarlegri rannsóknir á þessum þáttum.</p> <p>Vatnaáætlun er tilgreind í greinargerðinni.</p>

Kynningarfundur um breytinguna var haldinn á opnu húsi í ráðhúsi Borgarbyggðar þann 22. nóvember 2023.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst með athugasemdafresti til 15. febrúar 2024. Alls bárust 11 umsagnir við breytingartillöguna. Hér að neðan má viðbrögð við þeim umsögnum sem bárust.

Breytingar sem gerðar voru á tillöggunni eftir breytingar voru eftirfarandi:

1. Fjöldi íbúða í kafla 4.1.1 breytt þannig að viðbótarfjöldi íbúða vegna stækkunar fór úr 75 í 90 íbúðir og alls fyrir reitinn allt að 130.
2. Í kafla 4.2.2 var bætt við sértækum skilmálum fyrir þjóðveginn.
3. Nýjum kafla bætt við um eftirfylgni og vöktun.
4. Í umhverfisáhrifakaflanum var bætt við umfjöllun um möguleg áhrif á vatnshlot.

7 Heimildaskrá

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 2015-2026. [Rafrænt]. Af:
<https://www.heimsmarkmidin.is/> Sótt: 12. apríl. 2023.

Landskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð. https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjal/Landsskipulagsstefna2015- 2026_asamt_greinarged.pdf

Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi.

Borgarbyggð og Landlínur, 2011. Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022.

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=23634629127848933452>

Náttúrufræðistofnun Íslands, „Náttúruminjaskrá“. [Rafrænt]. Af:
<https://www.ni.is/midlun/naturuminjaskra>. Sótt: 12. apríl. 2023.

Náttúrufræðistofnun Íslands, „Vistgerðir á Íslandi“, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 2023 [Rafrænt]. Af: <http://vistgerdakort.ni.is/>. Sótt: 12. apríl. 2023.

Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.

Skipulagsstofnun. 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

Umhverfisstofnun. 2021. Náttúruminjaskrá.

<https://ust.is/natura/natturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/vestfirdir/>

8 Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
var samþykkt í sveitarstjórn

þann 14. maí 2024.



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af
Skipulagsstofnun þann 13/6 2024.



Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar
var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 20____.